

ÁKLASINN



Ársreikningur 2021

Ákklasin 521015-0120

alklasinn@taeknisetur.is

www.alklasinn.is

+354 898 9907

Keldnaholt 8, 112 Reykjavík,

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdarstjóra _____	3
Almennt _____	3
Stjórn Ákklasans _____	3
Fjárhagsleg staða _____	1
Það helsta á starfsári 2021 _____	1
Framundan _____	2
Rekstrarreikningur _____	4
Efnahagsreikningur _____	5
Sjóðstreymi _____	6
Áritun óháðs skoðunarmanns _____	7

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDARSTJÓRA

Almennt

Árið 2021 var sjöunda starfsár Álklasans. Aðalfundur fyrir starfsár 2020 var haldinn 15. júní og var á þeim fundi samþykkt að hækka klasagjöld um 10% og halda siðareglum óbreyttum. Á starfsári 2021 voru 32 fyrirtæki, stofnanir og álsprotar í Álklasanum. Á meðal klasameðlima eru verkfræðistofur, vélsmiðjur, tæknifyrirtæki, málmsteypur, skipafélög, verktakafyrirtæki, fjármálastofnanir, rannsókn- og menntastofnanir, kísilver og álver. Þá er klasinn með svokallaða álsprotu aðild fyrir sprotafyrirtæki í greininni. Samþykktir og siðareglur Álklasans auk fyrri ársreikninga má nálgast á vefsíðu klasans, www.alklasinn.is.

Stjórn Álklasans

Stjórn Álklasans var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Formaður: Guðrún Ambjörg Sævarsdóttir, Háskólanum í Reykjavík

Varaformaður: Pétur Blöndal, Samál

Aðrir stjórnarmenn:

María Kristmundsdóttir (Alcoa Fjarðarál), Brynjar Bragason og Skúli Björn Jónsson (Efla verkfræðistofa), Arnar Guðmundsson (HD), Kristmundur Einarsson og Björgvin Jón Bjarnason (Snókur verktakar ehf. og Hreinsitækni ehf.), Brynja Silness (KratuS/Alur), Gunnar Sverrir Gunnarsson (Mannvit), Finnur Marinó Flosason (Norðurál), Arthur Guðmundsson (Rio Tinto Alcan), Lárus Ólafsson (Samtök iðnaðarins)

Framkvæmdarstjóri Álklasans er Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir

Fjárhagsleg staða

Fjárhagsleg staða Álklasans hefur verið nokkuð stöðug frá stofnun klasans árið 2015. Hefðbundin klasagjöld standa undir fastakostnaði en klasinn reiðir sig á styrki og stuðning frá samstarfsaðilum til þess að styðja við viðburði og sértæk verkefni.

Breyting varð á rekstri klasans á árinu þegar Nýsköpunarmiðstöð Íslands var lögð niður 2. júlí 2021 því klasinn hafði frá stofnun verið með þjónustusamning við NMÍ um rekstur og utanumhald klasastarfseminnar. Tæknisetur sem tók við starfsemi tæknideilda Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands tók samhlíða við þjónustusamningi við Álklasans og leitast verður eftir því að gera sambærilegan samning við Tæknisetur um rekstur Álklasans til framtíðar. Það liggur fyrir að rekstarkostnaður Álklasans getur tekið breytingum þessa tilfærslu og er stjórn er meðvitað um þann möguleika.

Þá er stjórn meðvitað að skoða með hvaða hætti klasastefna fyrir Ísland sem lögð var fram á á Alþingi í febrúar 2021 getur nýst Álklasanum til eflingar og stefnumörkunar. Í klasastefnunni felst yfirlýsing um afstöðu stjórnvalda til klasasamstarfs sem verkfæris í þágu nýsköpunar og því lýst að stuðningur stjórnvalda við klasa geti verið öflugt tæki til að efla og hraða nýsköpun og alþjóðasókn, það hefur þó ekki verið formgert með hvaða hætti sá stuðningur verður. Þá hefur Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ráðherra háskóla, vísinda, iðnaðar og nýsköpunar tekið til skoðunar með hvaða hætti þeir fjármunir sem koma til tekna ríkisins í gegnum ETS kerfið nýst til stuðning verkefna sem snú að samdrætti við losun koltvísýrings frá iðnaði. Það gæti orðið umtalsverð innspýting til stuðnings rannsóknar og þróunarverkefna sem tengd eru ál- og orkuiðnaði.

Það helsta á starfsári 2021

Verkefni klasans á árinu 2021 mörkuðust áfram mjög af þeim takmörkunum sem heimsfaraldur Covid-19 hafði í för með sér. Vegna ráðlegginga um fjöldatakmarkanir var tekin ákvörðun um að streyma Nýsköpunarmóti Álklasans 2021, en Nýsköpunarmótið var haldið í Háskólanum í Reykjavík þriðjudaginn 16. mars, venju samkvæmt voru þar kynnt fjölbreytt nýsköpunarverkefni sem unnið er að á sviði áliðnaðar auk þess sem hvatningarviðurkenningar voru veittar nemendum fimm verkefna sem þóttu skara fram úr á

árinu, eitt verkefnið var unnið hjá Stóriðjuskóla Ísal, tvö þeirra voru unnin af nemendum Háskólans í Reykjavík og tvö af nemendum Háskóla Íslands. Samhliða Nýsköpunarmóti Álklasans var gefið út blað þar sem áltengd nýsköpun og fyrirtæki tengd áliðnaði voru í forgrunni. Rafræn málstofa um tölvusjón í álframleiðslu var haldin í júní og var hún mjög vel sótt, þar voru kynningar frá Eflu, Alcoa Fjarðaáli og Norðuráli og áhersla lögð á tækifæri til nýsköpunar og þróunar á þessu sviði. Árlegri klasaferð sem áætluð hafði verið þá um haustið var felld niður í annað sinn vegna samkomutakmarkana. En það náðist að halda hefðbundinn jólafund Álklasans þann 15. desember, þar voru á dagskrá örkyrningar og fréttir frá fyrirtækjum í bland við kakó, smákökur og netagerð.

Framundan

Álsprotarnir DTE, Gerosion, Álvit, og Arctus Aluminium halda áfram að þróa sínar afurðir, nýr álsproti Alor, sem þróar álbatteri gekk til liðs við klasann og halda áltengd rannsóknarverkefni áfram að sækja í sig veðrið. Álsprotar voru mjög sýnilegir í rannsóknarsamfélaginu þetta árið, tveir stóri styrkir komu nýverið til stuðning áltengdra verkefna frá Evrópusambandinu annarsvegar stórt samstarfsverkefni, Reveal, sem Tæknisetur leiðir til að skoða ál sem orkubera og hinsvegar sprotastyrkur til DTE um áframhaldandi þróun og markaðssetningu á sínum búnaði. Þá var Álvit eitt af átta sprotafyrirtækjum sem voru valin inn í hraðalinn Hringiðu sem miðar að því að þroska áfram sprotafyrirtæki sem vinna að grænum lausnum og Háskóli Íslands í samstarfi við Alor og Háskólinn í Reykjavík og Tæknisetur í samstarfi við Arctus Aluminium og DTE og Grein research hlutu styrk úr innlendum sjóðum fyrir þróunarsamstarfsverkefni. Þá er mikið af grænum verkefnum sem álverin sjálf hafa frumkvæði að og eru að vinna, þannig er Ísal í samstarfi við Carbfix um möguleika á föngun og förgun koltvíoxíðs frá sinni framleiðslu og Norðurál og Ocean GeoLoop AS hafa undirritað viljayfirlýsingu um föngun og nýtingu á koltvíoxíði, en tæknin byggir á vatnsaflsvél sem nýtir koltvíoxíð frá álverinu til raforkuframleiðslu. Þá hefur sprotafyrirtækið Arcus Aluminium gert samstarfssamning við þýska álfyrirtækið Trimet um þróun á rafgreiningarbúnaði með eðalrafskautum til kolefnislausrar álframleiðslu og hefur fengið til liðs við sig sérfræðinga Tækniseturs til að vinna að því verkefni.

Í gegnum innviðasjóð Rannís er framundan mikilvæg innviðauppbygging á svið áltengdrar efnistækni en þó nokkuð af tækjabúnaði sem hentar álrannsóknum vel verður fjármagnaður undir hatti efnistæknivegvisis. Þar sem meðal annars verður fjármagnaður frumefnagreinir sem einfaldar til muna efnagreiningar á raflausn, hanskabox til efnameðhöndlunar og straummæli til rannsókna á rafgreiningarferlum. Með þessari uppbyggingu eflist aðstaða til áltengdra rannsókna til muna og verður búnaðurinn rekinn á Tæknisetri þar sem fyrir er góður grunnur tækjabúnaðar fyrir efnistæknirannsóknir, í kringum þá sérhæfðu aðstöðu hefur nú myndast sterkur kjarni álsprotta sem vinna að sínum verkefnum, það eru fyrirtækin Arctus Aluminium, DTE, Álvit, Gerosion auk þess sem Háskólinn í Reykjavík og Alcoa eru með útibú þar. Þá hyggst álsprotinn Alor sem er í góðu samstarfi við Háskóla Íslands vera með verklega aðstöðu á Tæknisetri og áætla flutninga þangað í ágúst 2022. Þá er ljóst að nýsköpunarangi Álklasans sem gengur þvert í gegnum alla virðiskeðju áliðnaðarins hefur mikla hagsmuni af því hvernig ákvörðun ráðherra um mögulega nýtingu ETS fjármuna til eflingar rannsókna á sviði grænna lausna fyrir orkuiðnað verður útfært og því töluverð eftirvænting eftir því að fá að sjá þær útfærslur.

Reykjavík 12. júní 2022

Framkvæmdarstjóri:

Stjórn:

REKSTRARREIKNINGUR

Tekjur:	2021	2020
Árgjald Álklasans.....	6.447.000	6.058.000
Árgjald Álklasans v/ stjórnarseta.....	900.000	990.000
Styrkir frá stofnunum og fyrirtækjum.....	650.000	462.000
Endurrukkað v/ útlagt Haustferð.....		
Vaxtatekjur.....	12.066	30.923
Tekjur alls	<u>8.009.066</u>	<u>7.540.923</u>
Rekstrargjöld:		
Ferðakostnaður.....		
Fundir og mannfagnaðir.....	53.195	82.180
Ráðstefnur og námskeið.....		
Gjafir og viðurkenningar.....	16.730	4.000
Sími og Internet /	344.141	119.716
Sérfræðiþjónusta NMI / Tæknisetur ehf.....	7.988.728	7.988.728
Annar kostnaður.....	5.682	4.140
Hvatningaverðlaun.....	750.000	
Rekstrargjöld	<u>9.158.476</u>	<u>8.198.764</u>
Niðurfærsla Viðskiptakrafna.....		
	<u>9.158.476</u>	<u>8.198.764</u>
Rekstrarafkoma ársins	<u>(1.149.410)</u>	<u>(657.841)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir:

	2021	2020
Handbært fé:		
Viðskiptakröfur.....		0
Handbært fé.....	4.069.291	5.482.701
Veltufjármunir	<u>4.069.291</u>	<u>5.482.701</u>
Eignir samtals	<u>4.069.291</u>	<u>5.482.701</u>

Skuldir og eigið fé:

Eigið fé:

Eigið fé	(4.069.291)	(5.218.701)
Eigið fé	<u>(4.069.291)</u>	<u>(5.218.701)</u>

Skammtímaskuldir

Ógreiddur kostnaður.....	0	(264.000)
Skuldir	<u>0</u>	<u>(264.000)</u>

Eigið fé og skuldir samtals	<u>(4.069.291)</u>	<u>(5.482.701)</u>
	0	0

SJÓÐSTREYMI


Veltufé frá rekstri	2021	2020
Hagnaður ársins	(1.149.410)	(657.841)
<i>Veltufé (Hagnaður) frá rekstri</i>	<u>(1.149.410)</u>	<u>(657.841)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....	(264.000)	252.000
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....	<u>(264.000)</u>	<u>252.000</u>
<i>Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum</i>		
<i>Handbært fé frá rekstri</i>	<u>1.413.410</u>	<u>405.841</u>
Breyting á handbæru fé	(1.413.410)	(405.841)
Handbært fé í ársbyrjun	<u>(405.841)</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok.....	<u>(1.819.251)</u>	<u>(405.841)</u>
	(5.888.542)	(5.888.542)

ÁRITUN ÓHÁÐS SKOÐUNARMANNS

Ég undirrituð skoðunarmaður Ákklasans félagsamtaka kt. 521015-0120 hef farið yfir reikninga félagsins fyrir árið 2021

Ég hef fullvissað mig um að bankareikningur stemmi og skoðað fylgigögn með bókhaldi.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu félagsins
31.12.2021



Guðveig Jóna Hilmarisdóttir

Viðurkenndur bókarí

Kt. 190662-229